

Ed. **597. Frumvarp til laga** [228. mál]

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 573 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. grein, svo hljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af sölтуðum grásleppuhrognum, sölтуðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hroгна, en 1% af fob-verði lagmetis.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjöld í lögum nr. 5 13. febr. 1976.